



Reykjavík, 13. janúar 2020

Berist til:  
Faxaflóahafna

## Umsagnarbeiðni frá skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

### Varðar:

**Landsvæði við Kleppsmýrarveg (hafnarsvæði) fyrir allt að 3 smáhýsi Velferðarsviðs Reykjavíkur.**

*Velferðarsvið Reykjavíkur leitar að lóðum undir alls 25 smáhýsi fyrir skjólstæðinga sína víðs vegar um borgina. Hámark 5 smáhýsi verða á hverjum stað en hámarkið verður ekki nýtt alls staðar og því er um að ræða 5+ lóðir í heildina. Hvert smáhýsi er um 35 m<sup>2</sup>.*

Hér með óskar skipulagsfulltrúi eftir umsögn Faxaflóahafna um meðfylgjandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi, sbr. uppdrátt Trípólí arkitekta, dags. 7.1.2020.

Breytingin felur í sér stofnun nýrrar lóðar við Kleppsmýrarveg til að koma fyrir allt að 3 smáhýsum, en skilgreining lóðar er forsenda fyrir byggingarleyfi.

(Ábending um þetta tiltekna svæði undir smáhýsi barst frá Faxaflóahöfnum, í umsögn til skipulagsfulltrúa dags. 6.11.2019.)

Með fyrirfram þökk,

Sólveig Sigurðardóttir

arkitekt / verkefnastjóri

skrifstofu skipulagsfulltrúa Reykjavíkur